

Þingeyjarsveit
Kjarna
650 Laugar

Reykjavík 15. október 2018
UST201807-116/A.B.
10.04.03

Efni: Breyting - Deiliskipulag frístundabyggðar- Skógum í Fnjóskadal, Þingeyjarsveit.

Vísað er til erindis skipulags- og byggingafulltrúa Þingeyjarsveitar er barst 16. júlí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að breytingu á deiliskipulagi í landi Skóga, Fnjóskadal í Þingeyjarsveit. Í tillögunni kemur fram að breytingin felst í því að byggingarreitir eru stækkaðir, gerðar eru óverulegar breytingar á lóðarstærðum, skilgreindar eru þrjár nýjar íbúðarhúsalóðir. Hámarks grunnflötur allra bygginga á skipulagssvæðinu verður 140 m² og skilgreint er nýtt gámasvæði fyrir allt skipulagssvæðið.

Stofnunin bendir á að í skipulagsreglugerð nr. 90/2013 kemur eftirfarandi fram í gr.5.3.2.14., skipulag við vötn ár og sjó. „Við afmörkun lóða á svæðum utan þéttbýlis skal þess gætt að rými sé fyrir aðkomu að og meðfram vötnum, ám og sjó. Utan þéttbýlis skal ekki reisa mannvirki nær vötnum, ám eða sjó en 50 m. Þó er heimilt að reisa samgöngumannvirki svo sem brýr og stíflur og fyrirhleðslur í tengslum við virkjanir fallvatna og varnir gegn ágangi sjávar og vatns nær vötnum, ám og sjó en 50 m.“ Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að það sé nægt rými fyrir aðkomu almennings meðfram Fnjóská, svo að útivistargildi skerðist ekki.


Umhverfisstofnun bendir á að í Fnjóskadal vex upprunalegur birkiskógur, en ekki er fyllilega ljóst af uppdráttum hvort áform er um að raska trjám á skipulagssvæðinu. Birkiskógar eru vistkerfi sem hafa verndargildi og hafa íslensk stjórnvöld markað þá stefnu að stuðlað skuli að verndun þeirra. Samkvæmt b. lið 1. mgr. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd segir að sérstæðir eða vistfræðilega mikilvægir birkiskógar og leifar þeirra þar sem eru m.a. gömul tré njóti sérstakrar verndar. Fram kemur í lögunum að forðast skuli raska á vistgerðum og jarðmyndunum sem falla undir ákvæðið. Um mat á áhrifum á birkiskóginn á skipulagssvæðinu vísast til Skógræktar ríkisins.

Að öðru leyti gerir Umhverfisstofnun ekki athugasemdir við umrætt deiliskipulag.

Virðingarfyllst



Axel Benediktsson
Sérfræðingur



Kristín S. Jónsdóttir
Sérfræðingur